

Vika	Hvað á að gera	Markmið	Leiðir
Nóvember	Pema: Geimurinn Kureisi Samkennd	Vekja athygli barnanna á því sem er fyrir ofan okkur. Himininn er stór og þar er margt að sjá, tungl, sól, stjörnur, regnbogi ofl. Við ætlum líka að læra að vera kurteis og sýna öðrum samkennd.	Lesu bækur, horfa til himins, vinna verkefni í listasmiðju, fara í vettvangsferðir, tala saman, vinna saman.
	Listasmiðja	Markmiðið með listasmiðju er að kveikja áhuga, efla forvitni og sköpunargleði ásamt því að ýta undir sjálfstraust og ímyndunarafli. Unnið með þemaverkefni tengt geimnum ásamt því að fara undirbúa jólagjafir.	Umræður, kveikja áhuga, nota ólíkan efnivið við gerð verka.
	Hreyfing / útivera	Markmið með hreyfingu er að efla hreyfiþroska, sjálfstraust og skynjun barnsins á líkama sínum. Fullnægja hreyfiþörf þess og stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan. Auka skilning á mikilvægi hreyfingar í daglegu lífi.	Prautabraut á deild, útivera, íþróttir í Síðuskóla og úti, gönguferðir.
	Vettvangsferð	Markmiðið með vettvangsferðum er að efla hreyfiþroska og þol barnanna, einnig að þau kynnist sínu nánasta umhverfi og víkki sjóndeildarhringinn smátt og smátt.	Gönguferðir í nágrenni leikskólans. Þegar veður leyfir munum við nota tækifæri og horfa til himins í leit að stjörnum, stjörnumerkjum, tunglinu og norðurljósum.
	Hópastarf	Ræða um og skoða stjörnumerki, stjörnur og norðurljós. Vinna með liti, form, tölustafi, bókstafi, rím og ýmis hugtök s.s. staðsetningarhugtök, persónufornöfn. Fræðast um umferðarmerkin. Æfa að teikna, lita og klippa.	Lesu bækur um stjörnuskoðun. Fara í vettvangsferðir og skoða umferðarmerki í nágrenni leikskólans. Fara í leiki, para og flokka efnivið eftir litum og formum. Vinna saman í hópaverkefnum þar sem reynir á samvinnu.
	Frjáls leikur - útvera	Leikurinn er lífstjáning barnsins, þar sem fram fer sjálfsnám. Leikurinn býður upp á flæði, nýja þekkingu, tilfinningar, leikni og umburðarlyndi. Frjáls leikur er sjálfsprottinn þar sem leiknum er stjórnað af börnum en ekki fullorðnum, án takmarkana raunveruleikans þar sem allar hugmyndir eru réttar og allt er mögulegt.	Nota allar lausar stundir, inni og úti til að leika frjálst og skapa.
	Samvera	Samverustundir 2-3 á dag. Þær gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, börnin tjá sig og læra að hlusta á aðra. Að safnast saman í hóp stutta stund á hverjum degi eflir samkennd og er hvíld í amstri dagsins. Markmið samverustunda eru að: stuðla að málörvun og alhiða námi og eiga notalega stund saman.	Í samverum er farið yfir dagskipulagið, lesið, sungið, rætt um veðrið, hvernig á klæða sig eftir veðri, farið yfir reglur leikskólans, farið í leiki, dansað, hlustað og margt fleira sem okkur dettur í hug.